

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Jórkelda, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 28. maí 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Jórkeldu þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss ásamt skemmu og tilheyrandi útihúsum á landbúnaðarsvæði. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hrafnaskjól og Kaldakinn, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 28. maí 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Hrafnaskjól og Köldukinn 2. Á Hrafnaskjóli er gert ráð fyrir byggingu allt að 5 gistiskála fyrir allt að 10 gesti, einbýlishúsi, þjónustuaðstöðu og samkomusal. Á Köldukinn 2 og 2C er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, skemmu og gestahúsi á hvorri lóð. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Búð 3, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 28. maí 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Búð 3 þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús og bílskúr auk frístundahúsa. Heildarbyggingarmagn svæðis er allt að 1.070 m<sup>2</sup>. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 13. júní 2025.*

F.h. Rangárþings ytra,  
**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 30. júní 2025